

Nd.

551. Frumvarp til laga

[223. mál]

um lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen, Geir Gunnarsson, Jón Skaftason, Birgir Finnsson.

1. gr.

Hafnarfjörður skal vera lögsagnarumdæmi út af fyrir sig með kaupstaðarréttindum. Takmörk kaupstaðarsvæðisins eru þessi:

- A. 1. Bein lína úr „Balaklöpp“ við vesturenda Skerseyrarmalar í vörðu við veginn frá Hafnarfirði til Reykjavíkur, þar sem hann fer lækkandi ofan af norðurbrún hraunsins. 2. Þaðan bein lína í Hádegishól, sem er gamalt hádegismark frá Hraunsholti, nálægt í hásuður frá bænum, spólkorn frá hraunjaðrinum. 3. Þaðan bein lína í Miðaftanshól, sem er gamalt miðaftansmark frá Vífilsstöðum. 4. Þaðan í vörðu í Stórárók. 5. Þaðan í vörðu í neðstu jarðbrú í Kaplakra. 6. Eftir Kaplalæk í vörðu við hraunjaðarinn, beint vestur af stað þeim, þar sem Kaplalæk er nú veitt úr eldri farvegi sínum, rétt norðan við Baggalágar, vestur af Setbergslandi. 7. Þaðan bein lína í stíflugarð rafstöðvarinnar. 8. Eftir stíflugarðinum, yfir tjörnina. 9. Upp með rafstöðvartjörninni að sunnan, þar til kemur að nýju Reykjanesbrautinni. 10. Meðfram norðurbrún nýju Reykjanesbrautarinnar, þar til hún sker eignarmarkalínu Setbergs og Hafnarfjarðar, sem er úr stíflugarðinum í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar, þ. e. um miðja lóðina nr. 3 við Stekkjarkinn. 11. Þá lína í markapúfu við gömlu sandgryfjurnar. 12. Þaðan í Lækjarbotna. 13. Þá í Gráhellu. 14. Þaðan í miðjan Ketshelli. 15. Eftir Selvogsmanna- eða Grindaskarðsvegi í Kaplatór (Strandartorfur). 16. Þaðan bein lína í Markkraka. 17. Þaðan bein lína um Melrakkagil (Markrakagil) að Krýsuvíkurvegi. 18. Þaðan bein lína í Markhelluhól. 19. Þaðan í Hraunkrossstapa. 20. Þá í Miðkrossstapa. 21. Þá í Hólbrunnshæð. 22. Þá í Stóra-Grænhól. 23. Þá í Skógarhól. 24. Og í Markaklett við Hraunsnes.

- B. Sá hluti jarðanna Krýsuvíkur og Stóra-Nýjabæjar, sem Hafnarfjarðarkaupstaður á.

Allt land innan ofangreindra takmarka telst til lögsagnarumdæmisins. Kaupstaðurinn skal setja nægilega mörg varanleg merki, er sýni greinilega takmörk landsins, og halda þeim við.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu skal jafnframt vera bæjarfógeti kaupstaðarins.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 33/1929, ásamt breytingu á þeim lögum, nr. 31/1959, um bæjarstjórn í Hafnarfirði, svo og 3. tl. 1. gr. laga nr. 11/1936.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði og sveitarstjórnin í Garðahreppi hafa með bréfi, dags. 27/4 1964, sem prentað er sem fylgiskjal hér á eftir, óskað eftir því, að frumvarp til laga um breytingu á lögsagnarumdæmi þessara sveitarfélaga verði flutt og samþykkt á yfirstandandi þingi.

Eins og fram kemur í bréfinu, er hér náð endanlegu samkomulagi um þessi mál, en á undanförnum árum hefur mál þetta verið á dagskrá þessara sveitarfélaga.

Fylgiskjal.

Hafnarfirði, 27. apríl 1964.

Hr. alþingismaður,
Matthías Á. Mathiesen,
Hafnarfirði.

Að undanfögnu hafa farið fram viðræður á milli fulltrúa frá Hafnarfjarðarkaupstað og Garðahreppi um breytingu á lögsagnarumdæmismörkum milli sveitarfélaganna, svo og eftirgjöf á réttindum þeim yfir landi úr fornu Garðatorfunni í Garðahreppi, Gullbringusýslu, er Hafnarfjarðarkaupstaður öðlaðist með leigusamningi við landbúnaðarráðherra f. h. jarðeignadeildar ríkisins, dags. 14. nóv. 1940.

Niðurstöður þessara viðræðna hafa orðið þær, að samkomulag hefur náðst, sem staðfest hefur verið af hreppsnefnd Garðahrepps á fundi hennar þann 1. apríl s. l. með eftirfarandi samþykkt:

„Hreppsnefnd Garðahrepps samþykkir fyrir sitt leyti, að lögsagnarumdæmismörkum Hafnarfjarðarkaupstaðar verði breytt þannig, að það land, sem nú er sunnan Hafnarfjarðar og innan lögsagnarumdæmis Garðahrepps, þ. e. svokallaðar hraunajarðir, verði framvegis innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

Samþykkt þessi er bundin því skilyrði, að Hafnarfjarðarbær afsali til Garðahrepps þeim landsspildum, sem bærinn hefur á leigu frá jarðeignadeild ríkisins og eru innan lögsagnarumdæmis Garðahrepps.

Jafnframt verði tryggt, að Garðahreppur fái fullan umráðarétt yfir þessum landspildum, með leigusamningi við jarðeignadeild ríkisins, enda verði þau ákvæði laga nr. 11/1936, sem varða umræddar landsspildur, felld úr gildi.“

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar gerði á fundi sínum þann 21. þ. m. um málið svo hljóðandi ályktun:

„Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir fyrir sitt leyti, að lögsagnarumdæmismörkum milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Garðahrepps verði breytt á þá lund, að hluti Garðahrepps, sem liggur sunnan við Hafnarfjörð, verði framvegis innan lögsagnarumdæmis Hafnarfjarðar.

Jafnframt lýsir bæjarstjórn því yfir, að hún er reiðubúin til þess að falla frá leigurétti sínum að ræktunarspildum úr landi jarðeignadeildar ríkisins á Hraunsholti og við Arnarnesveg skv. leigusamningi, dags. 14. — 11. — 1940, þegar er framangreind breyting á lögsagnarumdæmismörkunum hefur átt sér stað.

Leigusamningar við einstaka aðila, sem stoð eiga í greindum samningi, skulu þó áfram vera í gildi.

Samþykkt þessi er gerð með því skilyrði, að Garðahreppur falli frá öllum kröfum, er hann kann að eiga til bóta fyrir lögsagnarumdæmisbreytinguna.“

Með hliðsjón af ofangreindu samkomulagi leyfum vér oss að fara þess á leit við yður, herra alþingismaður, að þér hlutizt til um, að flutt verði á Alþingi því, er nú situr, frumvarp til laga um breytingu lögsagnarumdæmis þessara sveitarfélaga, er samrýmist ofangreindum samþykktum sveitarfélaganna.

Virðingarfyllst,

Ólafur G. Einarsson.
Sveitarstjórinn
í Garðahreppi.

Hafsteinn Baldvinsson.
Bæjarstjórinn
í Hafnarfirði.